



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA

Hagvísar

í ferðapjónustu


Gjaldeyristekjur - ferðaneysla
Tekið saman í ágúst 2011

Edward H. Huijbens
Jón Gestur Helgason



Árið 2006 gaf Rannsóknamiðstöð ferðamála, þá Ferðamálastetur Íslands, út skýrslu um hagræn áhrif ferðapjónustu þar sem leitast var við að greina þau eftir svæðum á landinu¹. Nú, fimm árum síðar, er þeirri vinnu fylgt eftir með greiningu á helstu hagvísun ferðapjónustu á landsvísu. Byggir greiningin á fyrirliggjandi gögnum sem aflað hefur verið af metnaði í hliðarreikningum Hagstofu Íslands, hjá Seðlabanka Íslands og hjá Ferðamálastofu. Hinsvegar er frekari greining á þessum gagnasöfnum orðin afar aðkallandi og það sem hér er tekið saman er aðeins upphafið og mjög takmarkað. Tilgangur slíkrar greiningar snýr t.d. að mati á framleiðni tekna af ferðafólki og leiðsögn um hvar beri að herða róðurinn í því tilliti, bæði á landsvísu og einstökum svæðum. Rannsóknamiðstöð ferðamála hefur lagt fram ítarlega rannsóknaráætlun um það sem greina þarf er kemur að hagrænum áhrifum ferðapjónustu, en ekki hefur fengist fjárhagslegur stuðningur við þá vinnu.


1990	141.718
1991	143.413
1992	142.561
1993	151.728
1994	169.504
1995	177.961
1996	195.669
1997	201.655
1998	232.219
1999	262.605
2000	302.900
2001	296.000
2002	277.900
2003	320.000
2004	360.392
2005	374.127
2006	422.280
2007	485.000
2008	502.000
2009	493.941
2010	494.769



Mynd 1 sýnir með svartri línu meðaltal vaxtar á tólf mánaðar tímabili á árabílinu 1960-2010. Línan sýnir lógaritmískan leitnivöxt og jafnan, sem sýnd er á mynd 1 sýnir leitnivöxtinn 6,4%, sem sjá má í veldisvísi ($y=2E-51e^{0.064x}$). R^2 segir til um áreiðanleika jöfnunnar og er mældur á bilinu 0 til 1. Því nær 1 því meiri áreiðanleiki. Ef sama greining er gerð á tölum fyrir gestakomur á tímabilinu 1990-2010 fæst leitnivöxtur sem er 7,4% með áreiðanleikastuðli $R^2=0,9802$.


Mynd 2 sýnir þróun síðasta áratugar, 2000 - 2010 þar sem sést að aukningin ef miðað er við 1990-2010 (7,4%) er að jafnast út í 6,6% meðalvöxt og er þannig að nálgast árlegan leitnivöxt fyrir heildartímabilið 1960-2010. Samkvæmt skýrslu Ásgeirs Jónssonar o.fl.¹ þá haldast forsendur enn sem komið er fyrir tvöföldun á ferðamannafjölda til landsins á u.þ.b. 11 ára fresti miðað við 6,4% árlega leitni.

6,6% árlegur meðalvöxtur í gestakomum á tímabilinu 2000-2010 sem er sambærilegur árlegum meðalvexti 1960 - 2010




¹Ásgeir Jónsson, Njáll Trausti Friðbertsson og Þórhallur Ásbjörnsson 2006: *Hagræn áhrif ferðapjónustu - greint eftir svæðum á Íslandi*. Akureyri: Ferðamálastetur Íslands.


Vöxtur
gjaldeyrstekna
umfram fjölgun
ferðafólks á
árunum 1990-2008
er 0,7% umfram
sambærilegan
meðalvöxt árunna
1960-2004




Mynd 3 sýnir gjaldeyrstekjur af erlendu ferðamfólki (útflutningstekjur) 1990-2008, sem eru byggðar á gögnum frá Seðlabanka Íslands um fargjaldatekjur íslenskra flugfélaga, gjaldeyrisyfirfærslur í bönkum og greiðslukortanotkun vegna neyslu erlends ferðafólks innanlands. Vöxtur gjaldeyrstekna á þessu tímabili samsvarar 8,6% lógaritmískum leitnivexti eða 1,2% meiri en fjölgun ferðafólks á sama tímabili. Í skýrslu Ásgeirs Jónssonar o.fl¹ þá er langtímaþróun gjaldeyrstekna skoðuð fyrir tímabilið 1960 til 2004. Þar kemur fram að árleg aukning samsvari um 6,9% lógaritmískum leitnivexti, sem er 0,5% meiri en árleg fjölgun ferðafólks á tímabilinu 1960-2010. Vöxt gjaldeyrstekna umfram komu ferðafólks á tímabilinu 1990-2008 má í fljótu bragði skýra með þeim gengisbreytingum sem áttu sér stað 2007 til 2008.



Á mynd 4 er gjaldeyrstekjum í milljónum króna skipt eftir ársfjórðungum tímabilsins 1990-2008. Sjá má hvernig toppur þriðja ársfjórðungs (júlí, ágúst og september) hefur vaxið en á sama tíma hafa dalirnir, vetrarmánuðirnir, einnig vaxið. Greinilegt frávik á sér stað á fjórða ársfjórðungi 2008 þar sem gjaldeyrstekjur í september til desember rúmlega tvöfaldast á milli ára. Mynd 5 að neðan sýnir nánar þær tölur sem um ræðir í aðdraganda þessa fráviks.



Þegar heildargjaldeyrstekjum skv. Seðlabanka er deilt niður á gestakomur sýnir mynd 6 hvernig meðalgjaldeyrstekjur á hvern erlendan ferðamann hafa þróast á tímabilinu 1990-2008. Sjá má hvernig þær hafa aukist um 1.1% á tímabilinu. Þetta er í samræmi við niðurstöður Ásgeirs Jónssonar o.fl.¹ Þó að þar hafði áhrif sá samdráttur sem varð á síðari hluta 10. áratugarins til ársins 2005 sem nú hefur snúist við.



Hagstofa Íslands hefur tekið saman ferðþjónustureikninga 2000-2008 samkvæmt alþjóðlegum staðli (World Tourism Satellite Accounts). Þar er horft á gjaldeyrstekjur í víðara samhengi en kemur fram í tölum Seðlabankans um útflutningstekjur. Þar eru umsvif heildarneyslu erlends ferðafólks tekin saman út frá áhrifum ferðþjónustunnar á aðrar atvinnugreinar. Þessi neysluhlutföll (e. *tourism ratios*) byggja á rannsóknnum Hagstofu á ferðaháttum ársins 2003 og 2008. Í Hagtiðindum Hagstofu Íslands um útreikning og skiptingu á heildarferðaneyslu fylgir tafla 1, en þar segir jafnframt:

"Á árinu 2009 fluttist skýrslugerð um þjónustuviðskipti við útlönd frá Seðlabanka Íslands til Hagstofu Íslands og jafnframt var aðferðum við öflun og úrvinnslu gagna breytt og bætt. Þetta verður að hafa í huga þegar niðurstöður í greiðsluöfnum fyrir árin 2008 og 2009 eru bornar saman. Í töflu 1 er gerð tilaun til að búa til sambærilegar tölur fyrir árin 2008 og 2009 en tölurnar byggja á upplýsingum um erlenda kortanotkun hér á landi ásamt öðrum upplýsingum sem Hagstofa Íslands erlenda kortanotkun hér á landi ásamt öðrum upplýsingum sem Hagstofa Íslands fær með beinum fyrirspurnum frá starfandi fyrirtækjum í ferðþjónustu."²

Tafla 1. Ferðaneysla erlendra ferðamanna 2008 og 2009
Figure 1. Inbound tourism consumption/expenditure 2008 and 2009¹

Verðlag hvers árs, milljónir króna		
<i>Current prices, million ISK</i>	2008	2009
Ferðaneysla alls	93.521	111.906
Einkennandi ferðþjónustu atvinnugreinar	62.735	76.641
1. Gistþjónusta	10.487	12.510
2. Veitingaþjónusta	7.145	7.683
3. Leiga flutningatækja, bílaleigur o.fl.	7.418	7.933
4. Flutningar á landi og sjó	4.199	4.627
5. Farþegaflutningar með flugi	29.723	39.974
6. Ferðaskrifstofur	3.763	3.914
Ferðþjónustutengdar atvinnugreinar	30.786	35.264
7. Sala bensíns, viðgerðir og viðhald bifreiða	2.115	2.284
8. Önnur þjónusta tengd farþegaflutningum	5.899	6.327
9. Menning og afþreying	5.704	6.389
10. Ýmis önnur þjónusta við ferðamenn	2.656	2.965
11. Ýmis verslun tengd ferðþjónustu	14.412	17.299

Tafla 2 sýnir heildargjaldeyrstekjur samkvæmt ferðþjónustureikningum Hagstofunnar. Ef skoðuð er lína 2 og hún borin saman við þær gjaldeyrstekjur sem Seðlabankinn tiltekur (mynd 3) má sjá að nokkru munar. Skýrist það af heildstæðara mati ferðþjónustureikninga á neyslu í ólíkum greinum ferðþjónustu, sem þó þarf að greina betur.



Tafla 2. Heildarneysla ferðafólks á Íslandi í milljónum

	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Heildarneysla ferðafólks á Íslandi	89.047	103.735	108.069	101.616	130.798	136.832	156.016	146.093	170.596	.
Heildarneysla erlends ferðafólks	47.086	54.852	57.144	53.732	69.162	72.353	82.497	77.250	93.521	111.906
Heildarneysla innlends ferðafólks	41.962	48.883	50.925	47.884	61.635	64.479	73.519	68.843	77.075	.

²Ferðþjónustureikningar 2000–2008, *Hagtiðindi Hagstofu Íslands* 30. nóvember 2010, bls. 6-7.

Ferðapjónustureikningar Hagstofu Íslands sýna vel áhrif og mikilvægi fyrirtækja tengdum ferðapjónustu á þjóðarhag. Heildarneysla erlendra ferðamanna árið 2008 voru 93,5 milljarðar kr. sem er 54,8% af heildarferðaneyslu innanlands.

Samanburður aðferða við útreikning gjaldeyrstekna





Ef gjaldyrstekjur samkvæmt Seðlabanka Íslands (mynd 7) eru bornar saman við heildarneyslu erlendra ferðamanna samkvæmt ferðapjónustureikningum Hagstofu Íslands (mynd 8), sést að nokkru munar á heildargjaldyrstekjum þó að munur á árlegum meðaltalsvexti sé aðeins um 0.1%.

Í töflu 3 hefur gistináttafjölda erlends ferðafólks verið bætt við töflu 2 um heildarneyslu og þannig fengin neysla miðað við meðaldvalarlengd (neðsta línan). Sú tala segir til um hvað gera má ráð fyrir að ein gistinótt ferðamanns skili. Kannanir RMF á gestum í beinu millilandaflugi til Akureyrar hafa leitt í ljós sambærilegar tölur um neyslu þeirra á sólahring fyrir árin 2009 (34.624 kr.) og 2010 (29.103 kr.).

Tafla 3. Heildarneysla ferðafólks á Íslandi í milljónum og dvalarlengd³

	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009
Heildarneysla ferðafólks á Íslandi	89.047	103.735	108.069	101.616	130.798	136.832	156.016	146.093	170.596	.
Heildarneysla erlends ferðafólks	47.086	54.852	57.144	53.732	69.162	72.353	82.497	77.250	93.521	111.906
Heildarneysla innlends ferðafólks	41.962	48.883	50.925	47.884	61.635	64.479	73.519	68.843	77.075	.
Fjöldi heimsóknna	302.900	296.000	277.900	320.000	360.392	374.127	422.280	485.000	502.000	493.941
meðalneysla erlends ferðafólks	155.451 kr.	185.311 kr.	205.628 kr.	167.913 kr.	191.908 kr.	193.392 kr.	195.361 kr.	159.278 kr.	186.297 kr.	226.557 kr.
Gistinætur erlends ferðafólks	1.142.219	1.184.214	1.256.518	1.376.788	1.478.848	1.550.183	1.719.140	1.868.173	1.942.698	2.129.575
Meðalneysla miðað við gistinætur meðalfjöldi gistinátta	41.223 kr.	46.319 kr.	45.478 kr.	39.027 kr.	46.767 kr.	46.674 kr.	47.987 kr.	41.351 kr.	48.140 kr.	52.549 kr.
meðalfjöldi gistinátta	3,77	4,00	4,52	4,30	4,10	4,14	4,07	3,85	3,87	4,31
Meðaldvalarlengdarstuðull	1,8	1,8	1,8	1,8	1,8	1,8	1,8	1,8	1,8	1,7
meðaldvalarlengd miðað við nætur	6,79	7,20	8,14	7,74	7,39	7,46	7,33	6,93	6,97	7,33
Neysla miðað við meðaldvalarlengd	22.902 kr.	25.733 kr.	25.266 kr.	21.682 kr.	25.982 kr.	25.930 kr.	26.660 kr.	22.973 kr.	26.744 kr.	30.911 kr.

Myndir 9 og 10 sýna þróun meðalneyslu erlends ferðafólks í heild (mynd 9) og miðað við meðaldvalarlengd (mynd 10). Erfitt er að meta vöxt milli ára út frá þessum upplýsingum þar sem áreiðanleiki meðaltals er ekki mikill. Það orsakast af lægðum árunna 2003 og 2007. Ljóst er þó miðað við þessar upplýsingar að um vöxt er að ræða, þó í engum takti við vöxt í gestakomum líkt og gögn Seðlabanka sýndu einnig (mynd 6). Hverju það sætir er frekara rannsóknæfni.



Í skýrslu Ásgeirs Jónssonar o.fl.¹ voru rekstrartekjur fyrirtækja í ferðapjónustu skoðaðar sérstaklega til viðbótar gjaldyrstekjum skv. Seðlabanka. Var það gert til að geta metið vægi ferðapjónustu betur sem nú er gert með ferðapjónustureikningum Hagstofu Íslands. Þeir reikningar geta þó aldrei verið tæmandi þar sem um er ræða hlutfallsreikning út frá alþjóðlegum viðmiðum. Greina verður frekar forsendur hlutfallanna í íslensku samhengi ásamt því að kortleggja margfeldi og framlegð eftir svæðum. Þetta ásamt öðrum frekari rannsóknum ætti að geta leiðbeint um áherslur í frekari þróun greinarinnar.

³Ferðapjónustureikningar 2000–2008, *Hagtiðindi Hagstofu Íslands og Neysla ferðamanna innanlands á markaðsvirði 2000-2009* af vef Hagstofu Íslands, www.hagstofa.is

